17. Eftirmæli.
"Kleopatra hin fagra" (Hvíta kisa)
Ritað í Reykjavík, 24.mai 1936.
2 blöð qto.

Eftirmæli

„Kleopatra hin fagra" (Hvíta Kisa)

Nú dó hún í dag! Margt mætti fallegt um hana segja, því minningarnar eru góðar. Hún var oft sárlasin og svo fyrir nánandi sökum, að sigi virtust hiltöld um annað fyrir mig, en að kveða upp yfir henni dauðadóminum; en svo hresstist hún aftur og náði sér nokkurnveginn. Í fyrri nótt fékk hún nýtt kast, og sem hún lá og svaf hjá vinu sinni, Guðnýju, niður á gólfið með koddanum, en lá svo af og til á gólfinu, en fékk þó kost. Í morgun var hún sárlasin, svo að segja ég fór upp að Silungapolli í dag, gat hún ekkert sinnt mér. Sá ég þá, að ekki væri rétt að láta hana kveljast og bað Óla Pálsson kaupamann, sem fór með mig og Bjarkel Kristjánsson upp að Silungapolli, að skjóta henni skammbyssu, þá er hann kæmi heim, og var mér sagt að það hefði „tekist vel". En hvernig ég – og við öll – elskaði sálugu Guðnýju, sýnum henni: Hún var svo yndislega falleg og viðkvæmnisleg; strákfyrir lærleikasinn. Eg gleðst af því, að ég á kvikmynd af henni og því get ég séð hana eins og hún var, fallega og fjörug. Börn átti hún engin. – Þegar við sæjum við hana: „Nú átti að fara að hátta, litla skinnið!" skeikaði hún það ávalt, hljóp upp í rúmin og beið þess að opnað væri herbergið, en hún vildi sofa í því eða þá nóttina: Stundum hjá Guðnýju, eða í suðurherberginu, eða þá hjá okkur, og ávalt áður en hún lagði sig til hvíldar, bað hún sængurföðurinn eða þá litla skinnið undir sér og kúrði svo til að mala. Sama lag hafði Kisa um „litla skinnið" – varð hún ætíð svo viðbragðin, einkum ef eitthvað varð að Guðnýju, að hún hljóp út eða í felur og lék ekki sjálf sig fyrr en dagurinn tók völdin. Aðeins mjólk og mjólk vildi hún til matar. Svo mikla viðkvæmni bar „svarti kisi" fyrir henni að hann leitaði aldrei á öðru við hana – hafði litið á hana sem systur sína, en annars var hún ekki úrvalsköttur sem, heldur jafnvel foldist á leiðinni annara samkynja dýra, sjálfsagt vegna „skapsmuna"

vid hana. Hún hélt sig ávalt heima og var jafnan mjalla hvít og hrein, en vegna einhvers lasleika, var henni unnur og nautu í því, ad henni væri klórad um hálsinn. Væri því ekki haldid áfram nógu lengi, leit hún upp og var sem hún sagdi: „Klóradu mér svo lítid meira, vinur minn, mér lídur svo vel, þegar þú strýkur mér um litla vangann og hvíta hálsinn." Þegar ég svo ætladi ad fara ad hátta, ad þessu verki loknu, sagdi konan mín oft vid mig í spangi: „Ertu búinn ad korna henni kisu litlu í vard?" Já, ég verd ad segja, ad ég hafdi mikla unun af því, ad geta sýnt þessu litla dýri ánægjulega hugsvölun og ad sjá hversu þír þótti vænt um hana.

Og nú er hún horfin! Svona hafa margir adrir vinir farid og ég saknaþeirra allra. Þótt hér sé ad eins um dýr ad ræda, getur þad ordid manni kært, svo kært, ad þad gleymist aldrei. En skyldum vid ekki sjást sídar? Eg hefi þá von og trú! Þá, ad vid eigum í vændum ad sjá alla vini okkar aftur, glada og gæfusama og njóta þá endurnýjadrar vináttu þeirra og þakklætis, fyrir öll þau vinahót er vid sýndum þeim, medan þau fengu ad vera med okkur hér, þótt stutt væri.

Nú verdur þetta litla dýr, þessa góda vina okkar, lögd í grafreit þann er „blái kisi" og „ungi kisi" liggja hér vestan vid húsid og á leidi þeirra sett fögur blóm eins og þau öll voru sjálf og eiga skilid fyrir alla hina ógleymanlega unun, sem vid höfdum af þeim haft, svo ad í hvert sinn, er vid lítum blómin og stadinn, minnumst vid þeirra med þakklæti.

Hafdu nú kora þökk, „litla skinnid" mitt fyrir alla samveruna, þau 2 árin sem vid fengum ad njóta hinnar saklausu vináttu þinnar og gledilega vid móts. Vid vitum, ad nú eru þrautirnar lidnar og vonum ad vel fari um þig og ad vid sjámust aftur. Lídi þér vel! Þökk fyrir samveruna. Vertu sæl!

Reykjavík, 24. mai 1936.

Ingtacson